



Leiðbeiningar vegna skýrslu um
sundurliðun fjárfestinga og skulda sérhæfðra
sjóða annarra en fyrir almenna fjárfesta

18. október 2021

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Gögn	4
2.1 Fjárfesting	4
2.1.1 Útgefandi Kennitala	4
2.1.2 Útgefandi Heiti	4
2.1.3 ISIN	4
2.1.4 Auðkenni	4
2.1.5 Tegund	5
2.1.6 Skráð	5
2.1.7 Fjöldi	6
2.1.8 Gengi	6
2.1.9 Gjaldmiðill	6
2.1.10 Gengi Gjaldmiðils	6
2.1.11 Vægi Sjóðs	6
2.1.12 Bókfært Verð	6
2.1.13 Athugasemd	6
2.2 Skuldir	7
2.2.1 Tegund Skuldar	7
2.2.2 Bókfærð staða	7

1. Inngangur

Með vísan í 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og 6. mgr. 48. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, er farið fram á að sérhæfðir sjóðir aðrir en fyrir almenna fjárfesta gefi Fjármálaeftirlitinu skýrslu um sundurliðun fjárfestinga á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður. Tilgangurinn er sá að hafa eftirlit með fjárfestingum sjóðanna með hliðsjón af samþykktri fjárfestingarstefnu eins og hún kemur fram í reglum sjóðsins. Senda ber sérgreindar upplýsingar fyrir allar fjárfestingar sjóðsins eða eftir atvikum hveðrar deildar hans, þó að afleiðum undanskyldum en draga skal saman afleiðusamninga. Annars vegar skal draga saman þá afleiðusamninga þar sem mótaðili er banki eða sparisjóður og hins vegar alla aðra afleiðusamninga. Þetta á við vegna skuldahliðarinnar líka. Allar aðrar fjárfestingar þurfa að vera sérgreindar. Í tilfalli skulda skal draga saman hverja tegund skuldar fyrir sig.

Hver rekstraraðili skal fylla út skýrslu fyrir hvern sérhæfðan sjóð aðra en fyrir almenna fjárfesta sem hann rekur og velja rétta uppgjörsgdagsetningu úr þar til gerðum felliglugga.

Útbúið hefur verið XML Schema sem að innsend gögn á XML formi verða að passa við (validate).

2. Gögn

Öll innsend gögn þurfa að falla undir eftirfarandi XML schema gagnamódel.

2.1 Fjárfesting

Ein lína er send inn fyrir hverja fjárfestingu. Í tilfelli fjárfestinga í afleiðum skal hins vegar taka saman þá afleiðusamninga sem hafa jákvæða stöðu og skipta þeim upp á milli þeirra samninga þar sem banki eða sparisjóður er mótaðili og svo aðrir. Í öllum öðrum fjárfestingum skal hafa eina línu fyrir hverja fjárfestingu.

2.1.1 Útgefandi Kennitala

Type: xs:string Length: 10

Pattern: ([0-9]{10})?

Kennitala útgefanda, innlánastofnunar eða mótaðila. Ef aðili hefur ekki löglega íslenska skráða kennitölu, þá skal hafa þetta svæði tomt en fylla út þess í stað lögformlegt nafn aðilans í „Útgefandi heiti“.

Kennitala þarf að vera lögleg íslensk kennitala fyrirtækis eða einstaklings. Kennitala er rituð sem 10 tölustafir (án bandstriks).

Í tilfelli fjárfestinga í afleiðum skal hafa þennan reit auðan.

2.1.2 Útgefandi Heiti

Type: xs:string Length: 100

Nafn útgefanda, innlánastofnunar eða mótaðila (löglegt nafn félags eins og það er skráð).

Ef um er að ræða sjóð skal setja nafn sjóðsins (löglegt nafn sjóðs eins og þar er skráð) en ekki nafn rekstrarfélags eða yfirsjóðs (e. umbrella fund).

Ef um er að ræða fjárfestingu í fasteign skal setja nafn/heimilsfang fasteignarinnar.

Ef um er að ræða lánasamning skal setja nafn þess sem er skráður á viðkomandi lánasamning. Ef um er að ræða beina fjárfestingu í hrávöru skal setja heiti á hrávöru.

Ef um er að ræða fjárfestingu í afleiðum skal skrifa Afleiður í reitinn.

2.1.3 ISIN

Type: xs:string Length: 12

Pattern: ([A-Z|0-9]{12})?

ISIN númer fjármálagernings - International Securities Identification Number útgefið af National Numbering Agency (NNA).

2.1.4 Auðkenni

Type: xs:string Length: 255

Kauphallar auðkenni.

2.1.5 Tegund

Type: xs:string

Enumeration

Tegund fjárfestingar, flokkuð eftir fyrirfram tilgreindum tegundaflokkum. Valkostir fyrir fagfjárfestasjóði:

- Peningamarkaðsbréf
- Skuldabréf útgefin af fjármálafyrirtækjum
- Skuldabréf útgefin af fyrirtækjum
- Önnur skuldabréf
- Ríkisskuldabréf
- Skuldabréf sveitarfélaga
- Ábyrgðarbréf - ríki
- Önnur ábyrgðarbréf
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf
- Önnur veðskuldabréf
- Hlutdeildarskírteini UCITS
- Hlutdeildarskírteini Non-UCITS
- Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu
- Fullnustueignir
- Hlutabréf
- Önnur verðbréf
- Innlán
- Reiðufé
- Fasteignir
- Lánasamningar
- Hrávörur
- Annað
- Afleiðusamningar við banka og sparisjóði
- Afleiðusamningar við aðra

Skilgreiningar á framangreindum flokkum má sjá í viðhengi I.

2.1.6 Skráð

Type: xs:string

Enumeration

Lýsing á skráningu verðbréfs.

- Skráð
- Óskráð
- Á leið til skráningar
- Á ekki við

Innlán í bönkum og sparisjóðum og fjárfesting í íbúðarhúsnæði skal ávallt merkja „Á ekki við“. Ef um fjárfestingu í sjóðum er að ræða skal merkja „Á ekki við“ nema ef að viðkomandi sjóður er skráður skal velja þann valmöguleika.

Aðra tegundaflokka skal ávallt merkja annað hvort „Skráð“, „Óskráð“ eða „Á leið til skráningar“.

2.1.7 Fjöldi

Type: *xs:decimal*

Fjöldi eininga, nafnverð verðbréfa eða fasteignamat húsnæðis.

Getur verið 19 tölustafir og þar af allt að 6 aukastafir, gildi getur verið neikvætt.

2.1.8 Gengi

Type: *xs:decimal*

Gengi verðbréfa (gengi = 1 ef innlán eða fasteignir).

2.1.9 Gjaldmiðill

Type: *xs:string*

Length: 3

Pattern: [A-Z]*

3 stafa kóði gjaldmiðils, skv. stöðlum þar um (ISO 4217, Code).

2.1.10 Gengi Gjaldmiðils

Type: *xs:decimal*

Gengi gjaldmiðils. Miða skal við miðgengi Seðlabankans við lok uppgjörsdags.

2.1.11 Vægi Sjóðs

Type: *xs:decimal*

Vægi fjárfestingar sem hlutfall af heildareign sjóðsins.

2.1.12 Bókfært Verð

Type: *xs:decimal*

Bókfært verð m.v. uppgjörsdagsetningu í ISK.

Fjöldi eininga * Gengi * Gengi gjaldmiðils = Bókfært verð.

2.1.13 Athugasemd

Type: *xs:string*

Length: 3000

Aðrar athugasemdir og/eða útskýringar sem rétt er að komi fram.

2.2 Skuldir

Á skuldahlið skýrslunnar skal tilgreina allar skuldir sjóðsins. Hver tegund af skuld er samandregin í þann flokk sem er valinn, t.d. öll útgefin hlutdeildaskírteini.

2.2.1 Tegund Skuldar

Type: xs:string

Enumeration

Valkostir vegna tegund skuldar

- Útgefin hlutdeildaskírteini (ef gefið er út hlutafé skal setja það hér undir)
- Skuldir við lánastofnanir
- Skuldir við rekstraraðila og vörslufélag
- Útgefin skuldabréf
- Útgefnir víxlar
- Afleiðusamningar við banka og sparisjóði
- Afleiðusamningar við aðra
- Aðrar skuldir

2.2.2 Bókfærð staða

Type: xs:decimal

Taka skal saman og setja heildarstöðu þeirra tegund skuldar sem um ræðir.

Ef að skuldir eru í erlendum gjaldmiðli skal umreikna skuldir félagsins yfir á ISK. Notast skal við seðlabankagengi er miðast við uppgjörsdag skýrslu